



Skipulagsstofnun

Bæjarskrifstofur Hornafjarðar

Númer: 201903015 Mótt: 25.8.20

Skjalag: 09.23 Dags: 20.8.20

Afgr: Sigrún

Reykjavík, 20. ágúst 2020

Tilvísun: 202007083 / 3.4

Sveitarfélagið Hornafjörður
Brynja Dögg Ingólfssdóttir, umhverfis- og skipulagsstjóri
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Efni: Deiliskipulag Hafnarnes, Sveitarfélagið Hornafjörður

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur, með erindi móttakið 31. júlí 2020, sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulag til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 3. febrúar 2020. Ekki kemur fram hvort athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímanum en umsagnir bárust frá opinberum umsagnaraðilum. Deiliskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn, þann 10. desember 2019.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu, veitingarrekstri, gístaðstöðu fyrir allt að 60 gesti, þvottahúsi, verslun, minni gísthúsum, íbúðarhúsi, aðstöðuhúsi og starfsmannaaðstöðu. Stærð svæðisins er 3.665 m². Á svæðinu er fyrir einbýlishús með bílageymslu, þar sem að hluta til er rekin gístiþjónusta. Heimilt verður að bæta hæð ofan á núverandi íbúðarhús en einnig er heimilt að byggja við það og rífa að hluta. Gert er ráð fyrir geymslu/aðstöðuhúsi, allt að 300 m² og gísthúsi með rými fyrir allt að 60 gesti, heildarbyggingar magn allt að 3300 m². Auk þess er gert ráð fyrir 400 m² starfsmannahúsi, einbýlis- eða parhús á tveimur hæðum.

Deiliskipulagið er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdætti í mkv. 1:1000, dags. 2. desember 2019, með breytingum dags. 16. júlí 2020.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda vegna ósamræmis við ákvæði Aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030, m.s.br. (2018) varðandi stærð svæðisins.

Auk þess bendir stofnunin á eftirfarandi:

- Ekki á við að skilgreina einn byggingarreit, sem nær yfir stærsta hluta lóðarinnar, fyrir svo margar byggingar. Byggingarreitir þurfa að vera markvissar afmarkaðir fyrir þær byggingar sem fyrirhugaðar eru sbr. gr. 5.3.2.1 í skipulagsreglugerð.
- Ekki er ljóst hvernig fyrirhugað byggingarmagn rúmast innan stærð verslunar- og þjónustusvæðis VÞ 40 skv. aðalskipulagi (750 m²).
- Gera þarf betur grein fyrir fjölda bílastæða og útfærslu þeirra sbr. gr. 5.3.2.5 í skipulagsreglugerð.
- Minnt er á að þegar gögn eru send Skipulagsstofnun til athugunar þurfa þau að vera undirrituð þar sem einnig koma fram dagsetningar samþykpta, auglýsingatíma og breytingardagsetningar ef við á.

Skipulagsstofnun minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Sóley Ösk Sigurgeirsd.
Sóley Ösk Sigurgeirsdóttir